Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 13. febrúar 2023

Tilvísun: 202301166 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar og afhendingar grænnar orku

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 30. janúar 2023, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 10. janúar 2023, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að breytingu deiliskipulags sbr. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagstillögu er í meginatriðum að marka stefnu um stækkun Mjólkárvirkjunar; lengingu stíflumannvirkja, gerð aðkomuvegs að stöðvarhúsi, stækkun ferjubryggju, efnistöku, lagningu jarðstrengs og 600 m langrar þrýstipípu.

Í breytingu á deiliskipulagi verða settir nánari skilmálar á grundvelli stefnu aðalskipulags og m.a. gert ráð fyrir að starfsmannabúðir verði innan marka deiliskipulags Mjólkárvirkjunar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

Bent er á að ef fyrirhugað er að festa í sessi starfsmannabúðir sem varanlegar starfsmannaíbúðir (starfsmannabústaði) þarf notkunin að samræmast landnotkun í aðalskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á iðnaðarsvæðum og þarf húsnæði til varanlegrar búsetu að vera á svæðum sem heimila íbúðir. Um starfsmannabústaði gilda sömu reglur og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á sbr. gr. 25 um starfsmannabústaði sbr. reglugerð um hollustuhætti nr. 94/2022. Starfsmannabústaðir, þ.e. vegna eftirlits og fl. til langframa teljist vera íbúðir og ættu að vera innan landnotkunarreita sem heimila það t.d. landbúnaðarsvæði eða íbúðarbyggð.

Esther Bj. Andreasen

Esther Björg Andreasen

Borgartúni 7b
IS-105 Reykjavík
Sími 595 4100
Kennitala 590269 5149
www.skipulag.is
skipulag@skipulag.is